



# Barnaheill

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. nóvember 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (réttur til umönnunar) (Þingskjal 30 — 30. mál, 151. löggjð.)

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri



## Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðar breytingum (réttur til umönnunar)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir tækifærið.

Barnaheill fagna því að frumvarpið eigi að tryggja barni sjálfu rétt til umönnunar foreldra, en slíkur réttur hefur hingað til aðeins verið tryggður óbeint með rétti foreldris til að annast barn sitt í veikindum eins og segir frá í greinargerð með frumvarpinu. Foreldrar njóta mismunandi réttinda á grundvelli vinnusamninga til umönnunar barna sinna. Það leiðir til þess að börnum er mismunað um umönnun foreldra sinna en slíkt brýtur gegn 2. grein Barnasáttmálans. Barnaheill áréttar því að samtökin styðja við að réttur barns til umönnunar foreldra verði festur í lög.

Hins vegar telja samtökin að skýra þurfi ákvæðið og hafa nánari umfjöllun um útfærslu í greinargerð. Mikilvægt er að skýrt verði kveðið á um hvernig réttur barns til umönnunar foreldra verði framkvæmdur, þ.e. hver ábyrgist launamissi foreldris t.a.m. þegar barn þarfnast umönnunar í lengri tíma en foreldri hefur rétt til samkvæmt vinnusamningi? Hvernig á að tryggja að foreldri eigi rétt á leyfi frá störfum vegna réttar barnsins til umönnunar? Er um að ræða alla foreldra barns þegar til staðar eru stjúeforeldrar t.a.m.?

Barnaheill styðja því við að þingsályktunartillagan um skipan starfshóps um útfærslu þessa réttar barns sem í frumvarpinu er lagður til að verði lögfestur, verði samþykkt og telja jafnvel skynsamlegra að fara þá leið að bíða með að festa rétt barnsins í lög þar til ákveðið hefur verið hvernig eigi að framkvæma hann.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í allri sinni vinnu.

151. löggjafarþing 2020–2021.  
Þingskjal 30 — 30. mál.

Reykjavík 5.11.2020

Efni: Umsögn um breytingu á barnalögum.

Hagsmunahópur Góðvildar, sem samanstendur af foreldrum langveikra og/eða fatlaðra barna, fagnar framlögðu frumvarpi um breytingu á barnalögum sem festir í lög að veikt eða slasað barn skuli eiga rétt á umönnun foreldra. Verði frumvarpið að lögum væri það framfaraskref varðandi réttindi barna enda nauðsynlegt að börn eigi sjálfstæðan rétt til umönnunar í veikindum, sér í lagi af barnið glímir við langvarandi veikindi og/eða fötlun sem kallar á fjarveru foreldra eða forsjáraðila frá vinnumarkaði til lengri eða skemmri tíma.

Hagsmunahópur Góðvildar hefur hins vegar áhyggjur af því að ef hvert barn öðlast sjálfstæðan rétt í veikindum geti það orðið til þess að atvinnurekendur ráði síður fólk sem á mörg börn í vinnu, sér í lagi af eitthvert barnanna glímir við langvarandi veikindi og/eða fötlun. Er í þeim tilvikum óljóst hvernig framkvæmdin á að vera og hvort þörf sé á að fylgst sé sérstaklega með því fyrir hvaða barn foreldrar eru að taka veikindadaga.

Þá hafa foreldrar langveikra og/eða fatlaðra barna sem geta ekki annast sig sjálf kallað eftir því að aldursviðmið vegna veikinda barna sé hækkað upp í 18 ára, en almennt er miðað við að rétturinn falli niður við 13 ára aldur. Þarf að skoða hvernig tryggja megi þessum börnum umönnun foreldra og forsjáraðila í veikindum með lögum.

Hagsmunahópur Góðvildar styður frumvarpið að öðru leyti og einnig þá tillögu að skipaður sé starfshópur með því markmiði að kanna hvort skilgreina eigi rétt foreldra eða forsjáraðila til að annast veikt eða slasað barn með tilliti til fjölda barna.

Fyrir hönd Hagsmunahóps Góðvildar,  
Brynhildur Ýr Ottósdóttir  
Halldóra Inga Ingileifsdóttir

**Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (réttur til umönnunar), 30. mál og tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps til að annast veikt eða slasað barn, 191. mál.**

Landssamtökin Proskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og fólk með þroskahömlun. Samtökin byggja stefnu sína á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum.

Landssamtökin Proskahjálpar styðja þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu og taka undir mikilvægi þess að rétturinn til umönnunar sé sjálfstæður réttur barns fremur en eingöngu réttur foreldra sem ræðst af ráðningarsambandi þeirra við vinnuveitendur. Slík breyting tæki með augljósum hætti ríkari mið af því sem er barni fyrir bestu, líkt og barnasáttmáli SP og samningur SP um réttindi fatlaðs fólks kveða á um. Í 7. gr. samningsins segir: „Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.“

Sjálfstæður réttur barns til umönnunar vegna veikinda eða slysa væri afar mikilvægur fötluðum börnum sem glíma við heilsubrest eða veikindi. Landssamtökin Proskahjálpar styðja því heils hugar að frumvarpið verði samþykkt. Þá styðja samtökin einnig tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn og markmiðin með skipun hans.

Virðingarfyllst.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Proskahjálpar

Anna Lára Steindal, verkefnastjóri Proskahjálparar í málefnum barna, ungmenna og fólks af erlendum uppruna

Lúðvík Júlíusson  
Hraunbær 58  
110 Reykjavík

Alþingi - nefndasvið  
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. október 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga, 30. mál á 151. löggjafarþingi. Breyting á barnalögum (réttur veiks eða slasaðs barns á umönnun)**

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á barnalögum sem hefur það að markmiði að kveða sérstaklega á um rétt veiks eða slasaðs barns á umönnun foreldra sinna.

Ég vil fagna því að áhugi sé fyrir því að bæta stöðu barna og foreldra þeirra. Að nokkru þarf þó að huga.

Í frumvarpinu er hugtakið „foreldri“ ekki skilgreint. Hugtakið getur átt við mjög fjölbreyttan hóp fólks. Þessum hópi tilheyra einstæðir foreldrar, forsjálausir foreldrar, fráskildir foreldrar með sameiginlega forsjá, einstæðir foreldrar sem hafa misst maka, foreldrar sem eru í sambúð, fráskildir foreldrar í sambúð með nýjum mökum, stjúeforeldrar o.s.fr.v. Þetta er því mjög fjölbreyttur hópur.

Þeir foreldrar sem fara með forsjá og hafa forsjáskyldur eru foreldrar sem fara með forsjá barna sinna, einnig sé forsjá sameiginleg, og er óháð því hvar barn hefur lögheimili. Það er því ljóst að réttindin eru í einhverjum tilfellum að fara á tvö heimili barna.

Einn hópur foreldra sem oft er ekki talinn upp eru stjúeforeldrar. Þeir hafa skyldur og ábyrgð gagnvart barni, óháð því hvort stjúeforeldrið sé maki lögheimilisforeldris eða ekki. Sumir hverjir hafa alið barn upp frá blautu barnsbeini eftir fráfall annars foreldrisins. Það er því nauðsynlegt að þessi hópur foreldra fái sömu réttindi og aðrir foreldrar í þeim tilfellum sem barn veikist eða slasast.

Ég vil nota tækifærið og benda á að hugtakið „forráðamaður“ er ekki lengur notað. Í stað þess er hugtakið „forsjáraðili“ notað, sbr. 28. gr. V. kafla barnalaga, 76/2003. Hugtakið „forráðamaður“ er óljóst hugtak og er hvergi skilgreint í lögum eða með hefð.

Notkun hugtaka eins og „foreldri“ og „forráðamaður“ án þess að þau séu skýrt skilgreind í lögum geta verið mjög villandi og orðið til þess að bæði börn og foreldrar fái ekki þau réttindi sem lög eiga að tryggja þeim.

Ég vona að frumvarpið verði að lögum verði tryggt að réttindi stjúeforeldra til að annast stjúpbörn sín verði ekki lakari en annarra foreldra. Börn gera flest engan greinarmun á foreldrum og rétti tíminn fyrir þau að læra muninn er ekki þegar þau liggja veik eða slasuð.

Virðingarfyllt,

Lúðvík Júlíusson



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. nóvember 2020.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (réttur til umönnunar), þskj. 30, 30. mál**

Mannréttindaskrifstofa Íslands styður framangreint frumvarp og tekur undir það er í greinargerð með frumvarpinu segir að með því að mæla fyrir um þennan sjálfstæða rétt barnsins til umönnunar sé gert ráð fyrir að búið verði svo um hnútana á vinnumarkaði að rétturinn verði virtur þannig að hverju og einu barni verði tryggður þessi réttur. Þannig verði ekki lengur litið á þennan rétt sem rétt foreldris eða þess sem fer með forsjána heldur barnsins sjálfs.

Framangreint samræmist mun betur sjónarmiðum samnings Sameinuðu þjóðanna (Sp) um réttindi barnsins og samningi Sp um réttindi fatlaðs fólks, en báðir hafa það sem meginstef að ætíð skuli hafa það að leiðarljósi sem barni er fyrir bestu. Vert að er að minna á að Barnaréttarnefnd Sp hefur sent frá sér viðmið um til hvers beri að líta þegar fram fer mat á því sem barni er fyrir bestu.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri